

7. fundur stjórnar AP, starfsárið 2017-2018

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík miðvikudaginn 11. apríl 2018 kl. 15:00.

Mætt: Aðalsteinn Á Baldursson, Elías Pétursson og Sif Jóhannesdóttir. Arnar Guðmundsson og Guðmundur Vilhjálmsson boðuðu forföll og varamenn áttu þess ekki kostnað að sækja fundinn. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2017

Fyrir liggur ársreikningur félagsins vegna ársins 2017 endurskoðaður og áritaður af PwC án athugasemda. Einnig liggur fyrir endurskoðunarbréf vegna endurskoðunarinnar. Farið var yfir ársreikninginn og einstaka liði hans. Rekstrartekjur voru 50,5 mkr. og rekstrargjöld 47,0 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um kr. 860 þús. og rekstrarafgangur fyrir skatta 4,3 mkr. sem er nokkuð meira en undanfarin ár. Skýrist það að mestu af tekjufærslu fyrirframinnheimtra tekna á árinu vegna sérverkefnis um innviðastyrkingu fyrirtækja. Eignir skv. efnahagsreikningi námu í árslok 41,9 mkr. og þar af var handbært fé 32,3 mkr. en hluti þess skýrist af því að félagið hefur milligöngu um útgreiðslu styrkja til verkefna í Brothættum byggðum. Eigið fé í árslok nam 8,3 mkr. en nafnverð útgefins hlutafjár er 10,5 mkr. Skuldir og skuldbindingar námu samtals 33,6 mkr. og þar af eru 13,5 mkr. vegna áðurnefndra styrkja til verkefna í Brothættum byggðum og 11,8 mkr. vegna skuldbindinga á móti eignum fyrrum Kísilgúrjós.

Farið yfir endurskoðunarbréf PwC og þær ábendingar og skýringar sem í því eru.

Að yfirferð lokinni var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

2. Tilnefning í stjórn Þekkingarnets Þingeyinga

Skv. skipulagsskrá Þekkingarnets Þingeyinga er stjórn þess skipuð til tveggja ára í senn og skipar félagið einn stjórnarmann. Komið er að skipan fyrir tímabilið 2018-2020.

Stjórnin samþykkir að skipa framkvæmdastjóra félagsins, Reinhard Reynisson, til setu í stjórn stofnunarinnar til næstu tveggja ára.

3. Drög að samþykktum fyrir AP ses. og næstu skref í málinu

Farið yfir drög að samþykktum sem unnin eru af framkvæmdastjóra og hafa verið efnislega afgreidd í umboði aðildarsveitarfélaga HNP bs. af framkvæmdastjórn byggðasamlagsins í umboði fulltrúaráðs þess.

Stjórnin samþykkir að leggja drögin fyrir hluthafafund til afgreiðslu sem hluta tillögu um formbreytingu félagsins. Stefnt er að því að sá fundur verði haldinn eigi síðar en 30. júní nk. að afloknum sveitarstjórnarksoningum. Jafnframt samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kynna málið bréflega fyrir hluthöfum og bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að innlausn hlutafjár í félaginu áður en til formbreytingarinnar kemur.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir erindi frá samgöngunefnd SSA þess efnis að taka aftur upp þráðinn vegna könnunar á fýsileika veglagningar í einkaframkvæmd sem tengja myndi suður-austur- og norðausturland um hálendið vestan og norðan Vatnajökuls. Félagið er reiðubúið til að koma að efnislegri vinnslu málsins en stjórnin telur að í ljósi byggðapólitísku vægis málsins sé eðlilegra að framkvæmdastjórn HNP bs. taki afstöðu til þess fyrst.
- b) Starfsáætlun 2018 sem var efnislega afgreidd á síðasta fundi lögð fram.
- c) Aðalsteinn varpaði fram hugmynd þess efnis að haldið yrði málþing hér á svæðinu á haustdögum um málefni millilandaflugvalla til framtíðar litið m.a. út frá þeirri umræðu sem uppi hefur verið að undanfögnu um varaflugvelli fyrir Keflavíkurlugvöll.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15